

ákvæðum þessarar samþykktar. Skytt er bændum að sjá svo um að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Inqimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Skólinn heitir Sjúkraliðaskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að kenna fólki hjúkrunarstörf, er það síðan vinnur undir stjórn hjúkrunarfræðinga.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig:

Einn fulltrúa tilnefndan af Sjúkraliðafélagi Íslands, einn tilnefndan af Hjúkrunarfélagi Íslands, tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður skólastjórnar og einn samkvæmt tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda, sem skipaður er árlega.

Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera hjúkrunarfræðingur. Æskilegt er, að hann hafi lokið námi í kennslufræði og stjórnun.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Umsækjandi skal vera 17 ára.

Hann skal hafa lokið prófi úr 5. bekk framhaldsdeilda gagnfræðaskóla, hjúkr-unarkjörsviði, 1. bekk fjölbrautaskóla, heilsugæslubraut, eða hlotið hliðstæða mennt-un. Skólastjórn er heimilt að ákveða lágmarkseinkunn í einstökum greinum. Þá er skólanum heimilt að hafa inntökupróf.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra. Þeim skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskirteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli frá vinnuveitanda og/eða skólastjóra.

7. gr.

Námstími skólans skal vera 1 ár, þar með talið sumarleyfi. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Í byrjun hvers skólaárs skal vera bóknámskeið. Að öðru leyti er skólanum heimilt að setja námið upp í bóknámskeið og verknámskeið eða þannig, að bóknám og verknám verði kennt jöfnum höndum á námstímanum.

8. gr.

Kennarar skulu eftirfarandi greinar:
Almenn hjúkrunarfræði:

| | | |
|--|-----|---------|
| Bókleg kennsla, sýnikennsla og verklegar hjúkrunaræfingar | 108 | stundir |
| Hjúkrun aldraðra | 18 | — |
| Hjúkrun á lyflækninga- og handlækningadeildum | 36 | — |
| Hjúkrun á barnadeild | 16 | — |
| Heimahjúkrun | 16 | — |
| Geðvernd | 8 | — |
| Sjúkdómafræði | 40 | — |
| Sýklafræði | 8 | — |
| Siðfræði | 12 | — |
| Starfsstillingar | 12 | — |
| Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, fræðslukvikmyndir, námsferða- lög o. fl. | 26 | — |

Alls: 300 stundir

Tími, sem fer til upprifjunar og prófa, er meðtalinn.

9. gr.

Próf skulu vera í hjúkrunarfræði og sjúkdómafræði.

Skriflegt og verklegt próf skal vera í hjúkrunarfræði og skriflegt próf í sjúk-dómafræði.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til þess að standast próf þarf einkunnina 5 í prófgreinum.

Einkunn í hjúkrunarfræði er meðaleinkunn úr skriflegu prófi í hjúkrunar-fræði, verklegu prófi í hjúkrunarfræði og meðaleinkunn af deildum sbr. 11. gr.

10. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið skipar prófdómara eða samþykkir tillögur skólastjóra um prófdómara.

11. gr.

Nemendur eru í verknámi á hinum ýmsu deildum sjúkrahúsa.

Skólastjóri skipuleggur námsdövl þeirra í samráði við hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsanna.

Að lokinni námsdövl á sérhverri deild fær nemandinn einkunn, er hjúkrunardeildarstjóri gefur.

12. gr.

Stofnanir, sem hafa nemendur í verknámi, skulu greiða þeim laun þann tíma samkv. samningi, er nemendur og fjármálaráðuneytið gera með sér. Þær skulu einnig sjá nemendum fyrir starfsklæðnaði og þvotti á honum.

13. gr.

Forfallist nemandi frá námi lengur en 14 daga lengist námið, sem því svarar. Sumarleyfi skal vera í samræmi við lög um orlof.

II. KAFLI

Starfsréttindi og starfssvið.

14. gr.

Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

15. gr.

Löggildingu samkv. 14. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

16. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 15. gr. tekur til, löggildingu eða tíma-bundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum sjúkraliðaskóla skv. 15. gr.

Sjúkraliði hefur rétt til þess að vinna hjúkrunarstörf í samræmi við 17. gr. reglugerðar þessarar. Honum er því óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

17. gr.

Sjúkraliðar skulu starfa undir stjórn hjúkrunarfræðings.

Störf sjúkraliða:

Umbúnaður. Umbúnaður og skipting á mikið veikum sjúklingum með hjúkrunarfræðingi.

Sjúklingum þvegið um andlit og hendur. Hárhirðing, munnhirðing, neðanþvottur, fótahirðing. Sjúklingar baðaðir í baðkari og í rúmi, og sé um mikið veikan sjúkling að ræða þá með hjúkrunarfræðingi.

Hitamæling. Púlstalning. Blóðþrýstingsmæling.

Varnir gegn legusárum.

Fylgst með líðan sjúklinga.

Sjúklingum hjálpað á fætur og hagrætt í stól.

Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.

Gefin og tekin bekja. Tekin og merkt sýnishorn af þvagi og saur. Gefin stólpípa.

Framreiðsla matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíðir. Þeir sjúklingar mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir.

Búið um lík.

Umbúðir gerðar.

Tekið við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint.

Notkun ýmissa hjálpargagna og hirðing á þeim.

Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum og líni. Hreinsun ýmissa hjúkrunargagna. Hirðing á blómum sjúklinga, blómavögnum og blómaskolum.

Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahúsum.

III. KAFLI

18. gr.

Skólanum skal heimilt að hafa námskeið fyrir sjúkraliða.

19. gr.

Kostnaður við rekstur Sjúkraliðaskóla Íslands skal greiddur úr rikissjóði.

20. gr.

Námskeið þau, sem í gangi eru á sjúkrahúsum, við gildistöku þessarar reglugerðar, skulu fram ganga skv. fyrri reglum.

21. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá hjúkrunarfræðing til starfa, má ráða sjúkraliða til hjúkrunarstarfa um skemmri tíma og skal hann þá starfa undir stjórn læknis. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 254 frá 29. nóvember 1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. desember 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Bolungarvíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspktir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki.